



F I S K I S T O F A
Lax- og silungsveiðisvið
Dalshrauni 1 • 220 Hafnarfjörður • Sími 569 7900 • Fax 569 7990

23. desember 2008

Skipulagsstofnun
Laugavegi 166
150 Reykjavík

Varðar frummatsskýrslu vegna Norðfjarðarganga

Í bréfi dagsettu 5. desember er leitað umsagnar varðandi frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum Norðfjarðarganga og tengdra vega. Áhrif á laxfiska og veiðimál hefur í þessu tilfelli verið unnin af Náttúrustofu Austurlands og fyrir liggur skýrsla frá stofnuninni dagsett í febrúar 2008.

Meginniðurstaða frummatsskýrslunnar er sú að áhrif á veiðimál laxfiska séu almennt lítil Eskifjarðarmegin en mun meiri Norðfjarðarmegin og þar er hugsanlega fyrirhugað að taka mól úr áreyrum Norðfjarðarár. Ef slík efnistaka verður mikil, mælir Náttúrustofan með því að frekari rannsóknir fari fram á lífríki Norðfjarðarár á viðkomandi svæði. Óhætt er að taka undir þessar ábendingar, þar sem malartekja úr áreyrum Norðfjarðarár hefur verið veruleg á liðnum árum og því eðlilegt að ráðfæra sig við sérfræðinga vegna frekari efnistöku.

Undirritaður telur að frummatsskýrslan gefi greinargóða mynd af hugsanlegum áhrifum framkvæmdanna á hagsmuni í veiðimálum og gerir því ekki athugasemd við frummatsskýrsluna. Hinsvegar er nauðsynlegt að efnistaka úr áreyrum Norðfjarðarár fái sérstaka heildstæða meðferð, þegar þar að kemur, bæði með tilliti til 33. greinar laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og jafnvel laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ef um mikið magn verður að ræða.

Virðingarfyllst

Árni Ísaksson
forstöðumaður